



Álfheimafréttir



Leikskólinn Álfheimar

31. árangur, 1. tölublað

Uppsögn á leikskólaplássi

Foreldrar þeirra barna sem fara í grunnskóla í haust þurfa að segja upp leikskólaplássinu í síðasta lagi 15. mánuðinn áður en barnið hættir. Sem dæmi: Barn hættir í leikskólanum 1. júlí - segja þarf upp fyrir 15. júní.

Á döfinni

- 24. apríl - Starfsdagur
- 26. apríl - Starfsdagur
- 8. maí - Hjóladagur - Bíllaus dagur
- 21. maí - Útskriftarferð elstu barna
- 23. maí - Útskrift elstu barna
- 28. maí - Hjóladagur - Bíllaus dagur
- 29. maí - Vorhátíð Gullanna í grenndinni
- 20. júní - Rugldagur
- 4. júlí - Sumarleyfi hefst
- 8. ágúst - Starfsdagur
- 9. ágúst - Leikskólinn opnar aftur

Námsferð starfsfólk leikskólans

Dagana 24. - 28. apríl var fyrirhuguð námsferð starfsfólks leikskólans til Gent í Belgíu. Undanfarin ár höfum við verið í samstarfi við Háskólann Artevelde og tekið á mótí leikskólakennaranemum frá þeim á hverju vori. Til stóð að Háskólinn tæki nú á mótí okkur og kynnti okkur fyrir þeirra starfi og leikskólum á svæðinu.

Því miður áttum við flug með WOW sem eins og flestir vita starfar ekki lengur. Ekki náðist að finna annað heppilegt flugfar á þessum tíma og því hefur ferðinni verið aflýst.

Engu að síður verða starfsdagar miðvikudaginn 24. apríl og föstudaginn 26. apríl og munum við fara í leikskólaheimsóknir í Reykjavík og á Reykjanesi auk þess sem við fáum fræðslu í Grasagarðinum í Laugardal um moltugerð og fleira.

Samstarfið við Háskólann heldur þrátt fyrir allt áfram og eigum við von á nemum til okkar í maí.

Leikskólinn Álfheimar
Sólvellir 8
800 Selfoss
Netfang: alfheimar@arborg.is
Heimasíða: <http://alfheimar.arborg.is/>
Facebook: Leikskólinn Álfheimar

Símanúmer
480 3242 - leikskólastjóri
480 3244 - Álfasteinn
480 3245 - Dvergasteinn
480 3246 - Óskasteinn
480 3247 - Völusteinn

Opnunartími leikskólans

Við minnum á að leikskólinn er opinn frá 7:45-16:30 og mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem börn þeirra eru með.

Ef foreldrar þurfa að breyta vistunartíma þarf að sækja um það fyrir 15. hvers mánaðar.

Viljum einnig minna á að læsa alltaf milli-hurðum á leið inni og út úr skólanum.

Útskrift

Útskrift elstu barnanna í
Álfheimum verður
fimmtudaginn 23. maí. Nánar
auglýst síðar.

Útskriftarferð

Elstu börnin fara í
útskriftarferð þriðjudaginn 21.
maí (breyting frá skóladagatali)

Framkvæmdir í garðinum

Nú er unnið að endurbótum í garðinum austan við leikskólann. Þar stendur til að hafa afgirt svæði fyrir útikennslu þar sem hægt verður að rækta grænmeti og hafa moltutunnurnar.

Auk þess höfum við fengið þangað glæsilegan útikennslu“kofa“ þar sem verður aðstaða til að geyma útikennsluefni og sinna útikennslu.

Völusteinn - þemasýning

Víkuna 6. - 10. maí ætla börn og kennarar á Völusteini að sýna afrakstur af þemavinnu vetrarins.

Nánar auglýst síðar.

Af gefnu tilefni viljum við benda á að öll neysla hvers kyns tóbaks og vímefna er stranglega bönnuð í og við leikskólann.



Hjóladaðar–bíllausir dagar

8. maí og 28. maí eru hjóladaðar hjá okkur. Þá lokum við bíllausin fyrir bíllausferð um 9:00 og hjólum á planinu.

Börnin hvött til að koma með hjólin sín en nauðsynlegt er að vera með hjólahjálms.

Þessir dagar eru fyrsti og síðasti dagur “Hjólað í vinnuna”.

Að venju eru þessir dagar bíllausir dagar í Álfheimum og hvetjum við alla til að nýta umhverfissvænni leiðir til að koma í leikskólann þessa daga, eins og t.d. hjólandi.



Nesti að heiman

Í leikskólanum eru þrjú börn með bráðaofnæmi og við viljum því biðja foreldra um að geyma allt matarkyns heima. Þetta gerum við svo að minni líkur séu á að börnin komist í eitthvað sem þau mega ekki komast í :)

Vor í Árborg

Dagana 25. - 28. apríl verður bæjar- og menningarhátíðin Vor í Árborg. Í tilefni af hátíðinni verður sýning á listaverkum leikskólabarna í Álfheimum í húsnæði Sýslumannsins á Selfossi.

Föstudaginn 26. apríl er söngur leikskólabarna en þá fer elsti árgangur barna í öllum leikskólum í Árborg og syngur saman á nokkrum stöðum. Þennan dag er starfsdagur í Álfheimum en foreldrar og börn í elsta árgangi eru boðin velkomin að hitta hópinn í Tryggvagarði klukkan 11.